



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2004

**Efni: Umsögn BSRB við frumvarp til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, 299. mál, stjórn, innheimtuþóknun.**

BSRB vekur athygli á að með þessu frumvarpi er horfið frá því að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tilnefni fulltrúa í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Með því fyrirkomulagi hefur verið tryggt að opinberir starfsmenn ættu fulltrúa í stjórn sjóðsins. Það má til sanns vegar færa sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins, að með breytingum á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins árið 1997 opnaðist sá sjóður fyrir ýmsum þeim sem áður greiddu til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en aðild að hinum fyrrnefnda var áður bundinn fastráðningu í starf.

**Eftir sem áður á mikill fjöldi opinberra starfsmanna fjármuni í Söfnunarsjóðnum og margir þeirra greiða enn iðgjald í sjóðinn. Má þar nefna alla þá sem fá greitt tímavinnukaup. Fráleitt, og með öllu óásættanlegt, er að úthýsa fulltrúa þeirra úr stjórn sjóðsins. Engin trygging er fyrir því að fjármálaráðherra tilnefni fulltrúa úr röðum opinberra starfsmanna verði þessi breyting á lögnum að veruleika. Þá bendir BSRB á að fjöldi félagsmanna í aðildarfélögum BSRB greiðir í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og má þar benda sérstaklega á póstmenn.** Lífeyrissjóðirnir fara með mikla fjármuni og hvílir mikil ábyrgð á þeirra herðum. Þegar fækkað er í stjórnnum lífeyrissjóða eins og hér er lagt til ber að hafa þetta í huga. Einnig hitt að stjórnarmenn hafi mismunandi félagslegan bakgrunn og þar með tengsl við sjóðfélaga. Æskilegt er að í stjórnnum lífeyrissjóða sitji fleiri en færri og bakgrunnur stjórnarmanna sé fjölbreyttur. **Í ljósi þessa mælir BSRB gegn samþykkt frumvarpsins.**

f.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir